

## REGLUGERÐ KSÍ fyrir innanhússknattspyrnu - Futsal

### 1. gr. Almenn ákvæði

Allir leikir í innanhússknattspyrnu á vegum KSÍ skulu fara fram samkvæmt Futsal knattspyrnulögum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, nema annars sé getið í reglugerð þessari.

### 2. gr. Íslandsmót meistaraflokks

- a) KSÍ skal halda Íslandsmót í meistaraflokki. Mótanefnd KSÍ ákveður skipulag keppinnar eftir fjölda þeirra félaga sem tilkynna þátttöku.
- b) Leikin skal svæðisbundin riðlakeppni.
- c) Eftir riðlakeppni skal fara fram úrslitakeppni samkvæmt ákvörðun mótanefndar.
- d) Mótanefnd er heimilt að láta keppni fara fram með hraðmótsfyrirkomulagi.

### 3. gr. Íslandsmót yngri aldursflokka

- a) KSÍ skal halda Íslandsmót fyrir 2. – 5. aldursflokk karla og kvenna. Mótanefnd KSÍ ákveður skipulag keppinnar eftir fjölda þeirra félaga sem tilkynna þátttöku.
- b) Leikin skal svæðisbundin riðlakeppni með hraðmótsfyrirkomulagi.
- c) Eftir riðlakeppni skal fara fram úrslitakeppni samkvæmt ákvörðun mótanefndar.

### 4. gr. Leiktími

- a) Leiktími í meistaraflokki er 2 x 20 mín. og framlenging 2 x 5 mín. og skal stöðva leiktímamann í hvert skipti sem knöttur fer úr leik.
- b) Leiktími í hraðmótum:

	Leiktími	Framlenging
Meistaraflokkur	2 x 12 mín.	2 x 3 mín.
2. flokkur	2 x 10 mín.	2 x 3 mín.
3. flokkur	2 x 8 mín.	2 x 2 mín.
4. flokkur	2 x 7 mín.	2 x 2 mín.
5. flokkur	2 x 6 mín.	2 x 2 mín.
6. flokkur	2 x 5 mín.	2 x 2 mín.

Í hraðmótum skal ekki stöðva leiktímamann nema dómari gefi merki um slíkt.

Leikhlé í hraðmótum skal vera 1 mínúta.

Mótanefnd er heimilt að breyta leiktíma í einstökum flokkum frá því sem hér er kveðið á um.

### 5. gr. Dómgæsla.

Heimalið ber ábyrgð á dómurum í svæðiskeppni en KSÍ í úrslitakeppni. Þegar leikið er með hraðmótsfyrirkomulagi ber umsjónaraðili ábyrgð á dómgæslu.

### 6. gr. Sérákvæði KSÍ um innanhússknattspyrnu samkvæmt Futsal knattspyrnulögum.

- a) Lágmarksstærð leikvallar er 20 m. á breidd og 40 m. á lengd. Mótanefnd KSÍ er heimilt að leyfa keppni á minni leikvöllum í yngri aldursflokkum.
- b) Þegar leikið er með styttri leiktíma öðlast lið rétt til að taka aukaspyrnu á vítamerki 2 samkvæmt 14. grein Futsal knattspyrnulaganna við 4. uppsafnaða brot í stað 6. uppsafnaða brots í hefðbundnum leiktíma. Þetta á alltaf við þegar leikið er í hraðmótsformi.
- c) Ákvæði 12. greinar Futsal knattspyrnulaganna varðandi óbeina aukaspyrnu á markvörð gilda ekki í 5. aldursflokk. Í 5. aldursflokk og yngri flokkum er markverði ávallt heimilt að leika knettinum (eða taka hann með höndum innan eigin vítateigs) eftir sendingu frá samherja.

### 7. gr. Hlutgengi leikmanna

- a) Allir leikmenn hvers félags eru hlutgengir samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.
- b) Enginn leikmaður má leika með nema einu keppnisliði sama daginn.

### 8. gr. Mótanefnd.

Mótanefnd KSÍ hefur yfirumsjón með knattspyrnumótum sem leikin eru samkvæmt reglugerð þessari og hefur heimild til að taka lokaákvörðun í málum, sem ekki eru ákveðin í þessari reglugerð.

### 9. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi tekur þegar gildi skv. 18.gr. laga KSÍ og falla þá úr gildi eldri reglugerðir um innanhússknattspyrnu.